

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

580. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. janúar 2009 kl.

11:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Tjaldsvæði í Kirkjuhvammi.
3. Bréf Sturlu Böðvarssonar til sveitarstjórnarmanna í Norðvesturkjördæmi.
4. Bréf undirbúningshóps um stofnun starfsendurhæfingar á Norðurlandi vestra.
5. Afrit af bréfi Leiðar ehf.
6. Upplýsingar frá Hestamannafélaginu Þyt v/ byggingar reiðhallar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um viðhald dæluhúsa hitaveitu á Reykjum í Miðfirði svo og annars búnaðar, véla og tækja. Rætt um framkvæmdir við gatnalýsingu, jarðvegsskipti í Ásbraut o.fl.

2. Sveitarstjóri og forstöðumaður tæknideildar greindu frá samkomulagi sem þeir hafa gert við Bland í poka ehf. um kaup á undirstöðum undir þjónustuhús og pöllum umhverfis húsið en kaupverð er kr. 900.000- og færast sá kostnaður á árið 2008. Byggðarráð samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti.

3. Fram lagt til kynningar afrit af bréfi menntamálaráðherra til Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis. Í bréfinu svarar menntamálaráðherra erindi Sturlu þar sem komið var á framfæri hugmynd sveitarstjórnarmanna um frestun á gildistöku nýrra laga um leik- og grunnskóla. Menntamálaráðherra segir í bréfinu að starfshópur ráðuneytisins og sambands íslenskra sveitarfélaga muni meta kostnaðaráhrif þeirra laga.


4. Fram lagt bréf undirbúningshóps um stofnun starfsendurhæfingar á Norðurlandi vestra. Boðað er til fundar um það mál á Blönduósi þann 7. janúar nk. kl. 15:00. Sveitarstjóri og starfsmaður félagsþjónustu sæki fundinn.

5. Fram lagt til kynningar afrit af bréfi Leiðar ehf. til 4 sveitarfélaga í A-Hún og Skagafirði þar sem fjallað er um framkomnar hugmyndir um styttingu Hringvegarins í þessum sýslum. Í bréfinu er óskað eftir því að þessi tilteknu sveitarfélög taki tilliti til hugmyndanna við aðalskipulagsgerð.

6. Fram lagðar upplýsingar frá Hestamannafélaginu Þyt vegna byggingar reiðhallar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Samþykkt að fresta næsta reglulega fundi sveitarstjórnar sem vera átti þann 8. janúar nk. til 15. janúar nk. kl. 15:00. Samþykkt að fundur með forstöðumönnum vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2009 verði 12. janúar nk. kl. 13:00 Guðrún Ragnarsdóttir mætti til fundarins vegna umræðu um gerð þriggja ára áætlunar.



Fundargerð upplesin og samþykkt.

Elía R. Músdóttir
Læðingafélagsþjónustul.
Hinn-Þjóttur

Áheyrnarfulltrúi:

Óddur Sigurðsson

Fundi slitið kl. 11:20

Elía R. Músdóttir